

Fimmtudaginn 18. júní 1931.

Nr. 66/1930. Valdstjórnin (Pétur Magnússon)

gegn

Heinrich Achner (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 3. maí 1930: Kærður, Heinrich Achner, á innan fjöggra vikna að greiða sekt til Landhelgissjóðs Íslands að uppbæð kr. 12320, en afplána hana með sex mánaða og þriggja vikna einföldu fangelsi fáist hún eigi greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum Nienstedten, S. D. 63, frá Altona, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærður allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hinn 29. apríl 1930 var varðskipið Óðinn á ferð vestur með landinu fyrir austan Sjávarmela. Kl. 2,39 síðd. var gerð eftirfarandi staðarákvörðun

Mýrnatangamerki

> 25°

Skálarfell

og Skálarfell ≠ með Sjávarmelamerki. Var þá haldið í áttina til togarans, er þótti grunsamlega nærri landinu og virtist stýra A. N. A. læga stefnu. Kl. 2,41 sneri togari þessi meira út frá landinu og virtist þá stýra A. S. A. læga stefnu. Eftir að togara þessum, sem reyndist að vera S. D. 63, Nienstedten frá Altona, hafði verið gefið merki um að nema staðar og skotið hafði verið tveimur aðvörunar-skotum, nam varðskipið staðar hjá honum kl. 2,49.

Var togarinn þá með stjórnborðsvörpu í sjó, og var sett út frá varðskipinu dufl í kjölfar togarans eins nærri og unnt var vegna vörpunnar. Við dufl þetta var síðan gerð þessi staðarákvörðun.

Suðurendi Hjörleifshöfða \neq með Alviðruhamarsvita og $>$ til Sjávarmelamerkis $35^{\circ} 20'$, en dýpi reyndist 120 mtr. Skipherra varðskipsins taldi þessa staðarákvörðun sýna, að duflið væri 0,25 sjómilur fyrir innan landhelgislinuna.

Var því farið með togarann til Vestmannaeyja og var þar hafin lögregluréttarrannsókn gegn skipstjóranum á togaranum, kærða í þessu máli, og þvínæst mál höfðað gegn honum og dæmt með þeim úrslitum, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi.

Við rannsókn málsins í lögregluréttinum, kom það í ljós, að Alviðruhamarsviti, sem miðað er við í áðurnefndri staðarákvörðun, var eigi markaður á nákvæmlega sama stað, á sjókoorti því, sem skipherrann á Óðni markaði stað duflsins á, og á öðru sjókoorti, er einnig kom fram í málinu og foringi af þýzka varðskipinu Zieten hafði markað stað þennan á, en bæði þessi sjókort voru löggilt frá sjókortasafninu í Kaupmannahöfn. Taldi foringinn af Zieten samkvæmt útsetningu sinni hefði duflið verið á landhelgislinunni og í öllu falli ekki fyrir innan hana.

Hér fyrir réttinum hefir með upplýsingum frá vitamálskrifstofunni fengizt sú skýring á þessu, að vitinn, sem byggður er eftir að kort þessi voru prentuð, er handteiknaður á þau, en að hinn rétti staður vitans sé $63^{\circ} 27,3'$ norðlægrar breiddar og $18^{\circ} 18,7'$ vestlægrar lengdar. Hefir forstöðumaður stýrimannaskólans markað stað duflsins á sjókort, sem lagt hefir verið fram í hæstrétti og miðað við

hinn rétta stað vitans, og komizt að þeirri niðurstöðu, að duflið hafi verið mjög nærri landhelgislinunni í mesta lagi 0,125 sjómilur utan hennar.

Að þessu athuguðu og þegar þess svo jafnframt er gætt, að áður en skip kærða kom þangað sem duflið var lagt út, hafði það í 8 mínútur haldið frá landi, í A. S. A. læga stefnu með botnvörpu úti, þá verður að telja, að með þessu sé fengin full sönnun þess, að kærði hafi við umrætt tækifæri gerzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum. Ákveðst refsing hans 12500 kr. sekt í Landhelgissjóð, er afplánist með 7 mánaða einföldu fangelsi verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði lögregluréttardómsins um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað staðfestast. Kærða ber að greiða allan kostnað málsins í hæstarétti, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Heinrich Achner, skipstjóri á togaranum Nienstedten, S. D. 63 frá Altona, greiði 12500 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, er afplánist með 7 mánaða einföldu fangelsi, ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað skal lögregluréttardóminum óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málf lutnings-

mannanna Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt kæru skipherrans á varðskipinu Óðni, dags. 29. f. m., var kærði í máli þessu, Heinrich Achner, staddur á landhelgissvæðinu á skipi sínu, togaranum Niensteden, S.D. 63, frá Altona, undan Sjávarmelum með stjórnborðsvörpu í sjó. Var boja sett út þar sem skip kærðs var stöðvað og mældist staður þess á uppdrætti varðskipsins, 0,25 úr sjómílu innan landhelgislinunnar. En þar áður hafði skip kærða haldið A.S.A. læga stefnu út frá landi í 8 mínútur og eftir því verið nokkuð innar. Virðist mega álita þá vegalengd a. m. k. 0,15 úr sjómílu nær landi en stað bojunnar og að skip kærða hafi eftir þessu verið 0,4 úr sjómílu fyrir innan landhelgislinuna, þegar mest var.

Undir rannsókn málsins kom í ljós, að þegar skip kærða var eftir nefndum mælingum varðskipsins „Óðins“ staðsett á nýrri uppdrátt, þar sem Alviðrúviti (sem var miðunarmerki) var staðsettur af herforingjaráðinu, varð staður þess, þar sem það var stöðvað og boja sett út, rétt í landhelgislinunni.

Eftir þessu virðist ekki geta verið annað en að skip kærða hafi verið eitthvað fyrir innan landhelgislinu með veiðarfæri í sjó, mjög óverulega þó, því að ekki getur orðið tekið tillit til hinna ófullkomnu kompásmiðana kærðs sjálfs. Og þar sem lögin ekki gera neinn greinarmun á, hvort menn tugi rétt innan við linuna eða langt fyrir innan hana, þykir ekki verða hjá því komizt, að álita, að kærði hafi gert sig brotlegan gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, þykir refsing hans með tilliti til málavaxta eiga að vera lægsta sekt, er lög leyfa, en hún er með gildandi gullgengi krónunnar (8183) kr. 12320 krónur þar eð um fyrsta brot kærða á nefndum lögum er að ræða. Rennur sektin í Landhelgissjóð Íslands, en afplánist sektin með 6 mánaða og þriggja vikna einföldu fangelsi fáist hún eigi

greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Loks greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Föstudaginn 19. júní 1931.

Nr. 31/1931. **Hannes Sigurlaugsson**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Petru Ingimarsdóttur Hoffmann.

(Enginn).

Frávisun.

Dómur hæstaréttar.

Með áfrýjunarstefnu, dags. 17. apríl þ. á., er birt hefir verið 24. sm., hefir stefndu verið stefnt til að mæta fyrir hæstarétti í maímánuði-næsta ár á eftir og var málið þingfest þar síðasta réttardag eða þann 29. í þeim mánuði, en stefnda mætti ekki og enginn af hennar hálfu, og hefir því málið verið rekið skriflega.

Með því nú að svo er ákveðið í 21. gr. hæstaréttarlaganna, að stefnufrest skuli miða við 1. dag þess mánaðar, er þingfesta á málið í, þá hefir stefnda, sem búsett er í Reykjavík, aðeins fengið 6 daga stefnufrest í stað þess, að samkvæmt nefndri grein hæstaréttarlaganna mátti stefnufresturinn skemmstur vera 14 dagar. Það verður því fyrir þessa sök ex officio að visa málinu frá hæstarétti.

Þar sem stefnda hefir eigi látið mæta fyrir hæstarétti fellur málskostnaður niður.